

Aukafundur haldinn í sveitarstjórn Langanesbyggðar þriðjudaginn 28. júlí á skrifstofu Langanesbyggðar 18:30

Mætt voru: Reimar Sigurjónsson, Indriði Þóroddsson, Ævar Rafn Marinósson, Jóhanna Helgadóttir, sem ritaði fundargerð á tölvu, Nanna Steina Höskuldsdóttir, Steinunn Leósdóttir og Gunnólfur Lárusson.

Varaoddviti bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort einhverjar athugasemdir væru gerðar við fundarboðun. Engar athugasemdir voru gerðar.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerð sveitarstjórnar dags. 14. júlí 2010

Lögð fram til kynningar.

2. Fundargerð USB 28. júlí 2010

- Í lið eitt leggur USB til að aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027 verði auglýst

Samþykkt samhljóða að auglýsa aðalskipulag Langanesbyggðar.

- Í lið tvö er kynnt deiliskipulag af Miðholti, leggur nefndin til að fela sveitarstjóra að ganga frá tillögunni og auglýsa.

Samþykkt samhljóða.

- Í lið þrjú samþykkir nefndin breytingu á deiliskipulagi við hafnarsvæðið og leggur til að sveitarstjóra verði falið að ganga frá tillögunni og auglýsa.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert, fundargerðin lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 19:25